

Ed.

1227. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 4. minni hl. menntamálanefndar.

Frv. til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi í þingbyrjun, í annarri viku októbermánaðar. Í frv. sagði að ný útvarpslög skyldu öðlast gildi 1. nóvember 1984. Voru Alþingi þannig ætlaðar röskar tvær vikur til að ræða og afgreiða þetta margslungna og flókna mál. Munu slík vinnubrögð af hálfu ráðherra nánast einsdæmi í þingsögunni. Öllum var mæta vel ljóst að þessi dagsetning — þetta skamma ráðrúm — dugði hvergi nærri til þess að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun og athugun á Alþingi.

Menntamálanefnd neðri deildar hafði málið síðan til umfjöllunar í allan vetur og það var ekki fyrr en 12. maí 1985 að neðri deild sendi frv. til efri deildar. Hefur menntamálanefnd efri deildar því ekki haft ýkja langan tíma til þess að fjalla um frv. til útvarpslaga og athuga frv. svo sem vert væri. Þrátt fyrir þann skamma tíma sem nefndin hefur haft til ráðstöfunar hefur málið verið rætt allitarlega. Það er skoðun undirritaðs að í efri deild hefði verið unnt að ná samkomulagi um ýmis atriði málsins, sem ágreiningur var um í neðri deild. Það tókst hins vegar ekki þar sem ekki var unnt að skilja afstöðu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á annan veg en svo að engu mætti breyta í frv. Efri deild yrði að samþykka það nákvæmlega eins og það kom frá neðri deild. Það eru vinnubrögð sem þingmenn efri deildar eiga ekki að láta bjóða sér, — vinnubrögð sem í senn eru óþingleg og ólýðræðisleg. Í þessu sambandi er rétt að benda á að málið var afgreitt frá neðri deild með þeim hætti að það hafði ekki meirihlutafylgi í deildinni. **Aðeins sextán af fjörutíu þingmönnum, sem sæti eiga í neðri deild, treystu sér til að greiða atkvæði með frv. Tólf greiddu atkvæði gegn því. Ellefu sátu hjá. Einn**

var fjarstaddur. Þessar staðreyndir lýsa því auðvitað í fyrsta lagi hversu mikið ágreiningsmál hér er um að ræða og í öðru lagi hve miklar efasemdir menn hafa um ágæti frv. eins og það nú liggur fyrir.

Frv. til útvarpslaga tók allmiklum breytingum í meðförum neðri deildar, enda ekki óeðlilegt þar sem hér var um að ræða frv. sem hafði nánast legið í salti í á þriðja ár og margt hefur vissulega breyst í þessum efnunum á þeim tíma. Það var því ljóst að gera þurfti ýmsar breytingar á frv. og enda þótt ágreiningur væri um ýmis meginmál er það skoðun undirritaðs að vinnubrögð í menntamálanefnd neðri deildar hafi verið með þeim hætti að aldrei hafi raunverulega á það reynt hvort unnt væri að ná víðtæku samkomulagi um ýmis atriði.

Af hálfu Alþýðuflokksins voru í neðri deild fluttar fjölmargar brtt. við útvarpslagafrv. M. a. voru fluttar tillögur um að svonefnd boðveitukerfi ættu að vera í eigu sveitarfélaga og vera það sem á ensku hefur verið nefnt „common carrier“, þ. e. að vera öllum opin sem uppfylla ákveðin skilyrði. Allar tillögur um þetta efni voru felldar. Því var lýst yfir af hálfu Alþýðuflokksins að þingmenn hans styddu auglýsingafrelsi í nýjum útvarpsstöðvum að því tilskildu að sett yrðu ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga. Ef ekki yrði fallist á ákvæðin um boðveitur yrði afstaðan til auglýsingafrelsis endurskoðuð. Nú verður enn látið á þetta reyna í efri deild og yfirlýsingin um afstöðu til auglýsingafrelsis, verði ekki fallist á ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga, stendur óhögguð.

Fram kom við umfjöllun málsins í nefndinni að tvö sveitarfélög, Reykjavík og Seltjarnarnes, eru nú að undirbúa og kanna grundvöll fyrir stofnun slíkra boðveitna. Má af því ljóst vera hversu brýnt er að um þetta verði settar reglur, enda eru boðveitur nánast forsenda þess að íslenskir þegnar geti notið mikilla kosta hinnar nýju fjarskiptatækni og notið sjónvarps frá fjarskiptahnöttum.

Ekki er ágreiningur um það meginmarkmið að veita fleiri aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til að útvarpa og sjónvarpa. Ágreiningurinn er hins vegar um það með hverjum hætti það skuli gert. Undirritaður er þeirrar skoðunar að unnt sé að ná víðtækari samstöðu um þetta mál en tekist hefur til þessa og hefur því gert óformlega tillögu um að níu manna nefnd allra þingflokka vinni að málinu í sumar, leggi nýtt frumvarp fyrir þingið í haust sem síðan yrði afgreitt fyrir miðjan nóvember, **þannig að ákvæðin um gildistöku 1. janúar 1986 geti staðið óbreytt.** Þessi tillaga hefur ekki fengið undirtektir, — því miður.

Auðvitað er ýmislegt gott um útvarpslagafrv. að segja eins og það nú liggur fyrir. En sá er hins vegar galli á gjöf Njarðar að á frv. eru annmarkar sem gera að verkum að ekki er unnt að samþykkja það óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Skulu aðeins hinir helstu taldir upp, en upptalningin gæti vissulega verið töluvert lengri.

1. Ákvæði 7. tl. 3. gr. er óskiljanlegt með öllu eins og það er orðað í frv.
2. Engin ákvæði er að finna sem skylda t. d. sjónvarpsstöðvar til að þýða eða texta erlent efni.
3. Engin ákvæði eru um að taka skuli upp og varðveita á segulbandi í ákveðinn tíma **alla** útsenda dagskrá útvarps- og sjónvarpsstöðva eins og Ríkisútvarpið hefur gert í allmörg ár og hvarvetna er gert þar sem undirritaður þekkir til.
4. Ákvæði um endurskoðun laganna þarf að gera ákveðnari, þannig að tryggt sé að sú endurskoðun eigi sér stað.
5. Skv. frv. eins og það nú liggur fyrir skulu lögin taka gildi 1. janúar 1986. Skv. ákvæði til bráðabirgða skal hins vegar skipa stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva **fyrir árslok 1985.** Öllum má vera ljóst að svona orðað fær þetta ákvæði ekki staðist. **Það er ekki unnt að skipa nefnd í krafti laga sem ekki hafa tekið gildi.** Þess vegna er óhjákvæmilegt að breyta þessu.

Undirritaður flytur ásamt Karli Steinari Guðnasyni nokkrar fleiri brtt. við frv. sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu en þær fjalla m. a. um gjald í Menningarsjóð

útvarpsstöðva, auglýsingamál, skýrslu menntamálaráðherra um útvarpsmál og framkvæmd útvarpslaga og boðveitur í eigu sveitarfélaga. Að þeim tillögum föllnum munu þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 10. júní 1985.

Eiður Guðnason.